



## Ástundun nemenda í Síðuskóla

1. Nemandi byrjar með ástundunareinkunnina 10 við upphaf skólaárs.
2. Óheimil fjarvist og óstundvísi gefa ákveðinn fjölda punkta sem segir til um ástundunareinkunn við lok annar.

### Punktar eru gefnir sem hér segir:

1. Óheimil fjarvist í kennslustund gefur 4 punkta.
2. Að mæta of seint gefur 1 punkt. Komi nemandi 20 mínútum of seint eða meira fær hann fjarvist fyrir kennslustundina.

### Punktar á skólaönn

Punktar	Einkunn	Punktar	Einkunn
0-2	<b>10</b>	19-20	<b>5,5</b>
3-4	<b>9,5</b>	21-22	<b>5,0</b>
5-6	<b>9,0</b>	23-24	<b>4,5</b>
7-8	<b>8,5</b>	25-26	<b>4,0</b>
9-10	<b>8,0</b>	27-28	<b>3,5</b>
11-12	<b>7,5</b>	29-30	<b>3,0</b>
13-14	<b>7,0</b>	31-32	<b>2,5</b>
15-16	<b>6,5</b>	33-34	<b>2,0</b>
17-18	<b>6,0</b>	35-36	<b>1,5</b>
		37 og fleiri	<b>1,0</b>

### Skipulag

- Umsjónarkennari upplýsir nemanda /foreldra vikulega um punktastöðu þeirra með því að senda ástundun til foreldra í gegnum Mentor.is. Ef nemandi/foreldri gera ekki strax athugasemdir við ástundunarfærsluna skoðast hún samþykkt.
- Ef nemandi er kominn með 10 punkta ræðir umsjónarkennari við nemandann og gerir athugasemd þegar ástundun er send heim.
- Ef nemandi er kominn með 20 punkta boðar umsjónarkennari foreldra og nemanda á fund þar sem leitað er í sameiningu að leiðum til úrbóta og gert samkomulag sem allir aðilar undirrita.
- Ef nemandi er kominn með 30 punkta eru forráðamenn og nemandi boðaðir á fund skólastjóra/deildarstjóra.
- Verði misbrestur á skólasókn nemanda án þess að úrlausn finnist vísar skólastjóri málinu til skólayfirvalda og tilkynnir foreldrum þá ákvörðun.

### Hækkun á ástundunareinkunn

Einu sinni í mánuði getur nemandi, með samþykki foreldra, sótt um hækkun ástundunareinkunnar til umsjónarkennara. Nemandi fær þá eyðublað sem fylla á út og getur hann óskað eftir að fá ástundunareinkunnina hækkaða um 0,5 fyrir hverjar tvær vikur sem engin punktur hefur verið skráður.